

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um skráningu samskipta í ráðuneytinu.

1. *Hversu oft hafa verið skráð í ráðuneytinu formleg samskipti, fundir og óformleg samskipti frá því að reglur nr. 320/2016 tóku gildi, sbr. 11. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011? Svar óskast sundurliðað eftir árum og tegundum samskipta.*

Með endurskoðuðum reglum um skráningu samskipta sem tóku gildi árið 2016 var leitast við að samræma skráningu á „óformlegum samskiptum“ milli ráðuneyta. Í reglunum eru óformleg samskipti skilgreind sem „munnleg samskipti, þar á meðal símtöl og fundir, þar sem lýst er afstöðu eða veittar upplýsingar sem teljast hafa þýðingu fyrir mál sem er til meðferðar í ráðuneyti eða teljast mikilvægar vegna málefna sem heyra undir ráðuneytið, enda komi afstaðan eða upplýsingarnar ekki fram í öðrum skráðum gögnum.“ Formleg samskipti eru þar skilgreind sem innkomin erindi, útsend erindi og svör, og fundir sem boðað er til.

Í skjalakerfi ráðuneytisins er ekki gerður greinarmunur á óformlegum og formlegum samskiptum, en út frá forsendum fyrirspurnarinnar er unnt að skipta skráðum samskiptum eftir því sem hér segir.

Eftirfarandi er yfirlit yfir formleg samskipti, eins og þau eru skilgreind í reglum nr. 320/2016, um skráningu samskipta í Stjórnarráði Íslands, eftir tegundum:

	2021	2020	2019	2018	2017	*2016
Bréf	1.595	6.035	6.378	5.745	5.195	
Fundargerðir	29	149	138	127	221	
Tölvupóstar	5.082	20.269	12.914	12.813	13.310	
Samtals	6.706	26.453	19.430	18.685	18.726	

*2016 dómsmálaráðuneyti var ekki til.

Tölur fyrir 2021 voru teknar 16.03.2021.

Eftirfarandi er yfirlit yfir óformleg samskipti, eins og þau eru skilgreind í reglum nr. 320/2016, um skráningu samskipta í Stjórnarráði Íslands, eftir tegundum:

	2021	2020	2019	2018	2017	*2016
Annað	70	322	275	266	294	
Athugasemdir	6	28	29	22	16	
Samtöl, símtöl, skýring, orðsending	15	134	108	67	58	
Minnisblöð	142	824	683	672	652	
Samtals	233	1.308	1.095	1.027	1.040	

*2016 dómsmálaráðuneyti var ekki til.

Tölur fyrir 2021 voru teknar 16.03.2021.

Í svarinu eru samtöl, símtöl, skýringar og orðsendingar tekin saman enda er ekki skýr greinarmunur á milli þeirra í framkvæmd.

Endurskoðaðar reglur um skráningu samskipta í Stjórnarráði Íslands tóku gildi í apríl 2016. Ekki er hæglega unnt að aðgreina skráð samskipti eftir því hvort þau fóru fram fyrir eða eftir þann tíma og því eru skráningar fyrir allt árið 2016 sýndar.

2. *Hversu oft á hverju ári hafa verið skráð í ráðuneytinu óformleg samskipti, þ.e. munnleg samskipti, símtöl og fundir, samkvæmt sömu reglum þar sem aðilar voru:*
 - a. *ráðuneytið við annað eða fleiri ráðuneyti,*
 - b. *ráðuneytið við stofnanir,*
 - c. *ráðuneytið við aðila utan ráðuneytis?*

Skjalakerfi ráðuneytisins býður ekki upp á sundurliðun eða sjálfvirka greiningu niður á þær tegundir sem tilgreindar eru. Handvirk greining myndi kalla á tímafreka yfirferð og flokkun á miklum fjölda skjala og því er ekki unnt að veita efnisleg svör við þessum lið fyrirspurnarinnar. Eins og sjá má af svári við 1. tölul. er um hundruð óformlegra samskipta að ræða á ári hverju.

3. *Í hversu mörgum tilfellum, á hverju ári, voru samskiptin skv. 1. og 2. tölul. á milli ráðherra og aðila utan ráðuneytis?*
Sjá svar við 2. tölul.

4. *Telur ráðherra að skráning skv. 11. gr. laga um Stjórnarráð Íslands og reglna nr. 320/2016 gefi greinargóða mynd af óformlegum samskiptum um mikilvægar upplýsingar fyrir ráðherra milli ráðuneyta eða aðila utan ráðuneytis? Er tilefni til þess að gera slíka skráningu aðgengilegri og gagnsærri, t.d. í dagbók ráðherra?*

Ráðuneytið vísar til þess að reglur nr. 320/2016 eru á forræði forsætisráðherra og tekur því ekki afstöðu til þess hvort tilefni sé til að gera óformleg gögn aðgengilegri en önnur gögn.